

Ársskýrsla 2015



LÍFEYRISJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	2
Starfsemi LSS	4
Samtryggingardeildir	7
A-deild	8
V-deild	9
B-deild	10
Lífeyrir samtryggingardeilda	11
Séreignardeild	12
Tryggingafræðileg staða	13
Markaðir	14
Ávöxtun	15
Fjárfestingar ársins	16
Sjóðfélagalán	17
Verðbréfaeign í árslok	18
Fjárfestingarstefna 2016	20
Áhættustýring	21
Ársreikningur 2015	23

Ávarp formanns



Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga skilaði góðri ávöxtun á árinu 2015. Nafnávöxtun A- og V-deildar á árinu 2015 var 10,3% sem svarar til 8,1% hreinnar raunávöxtunar. Vel hefur gengið að ávaxta eignir sjóðsins undanfarin ár og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára 5,0%.

Þróun flestra verðbréfamarkaða var sjóðnum hagstæð. Ávöxtun innlendra eigna var sérstaklega góð, þó sér í lagi innlendra hlutabréfa sem skráð eru í Kauphöll Íslands en úrvalsvisitala Kauphallarinnar hækkaði um 43,4% á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa stóð því sem næst í stað á árinu, bæði mæld í íslenskum krónum og dollurum. Framan af árinu hækkaði hlutabréfaverð en um mitt ár gaf kínverski hlutabréfamarkaðurinn tóninn fyrir lækkanir á nánast öllum erlendum hlutabréfamörkuðum. Þegar árið var gert upp höfðu hækkanir fyrri hluta árs gengið til baka.

Á hverjum tíma verða lífeyrissjóðir að eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Ef munur á eignum og skuldbindingum fer yfir ákveðin viðmið ber stjórninni að grípa til viðeigandi ráðstafana. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu A-deildar í lok árs 2015 er heildarstaða hennar neikvæð um 9,8% en var neikvæð um 12,3% í lok árs 2014. Þetta er áttunda árið í röð þar sem skuldbindingar eru hærri en 5,0% af eignum og verður stjórnin að grípa til aðgerða og hækka mótframlag launagreiðenda svo jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga náist. Tímarammi sem stjórnin hefur til þessa er til 1. október nk.

Umræður um framtíðarskipan lífeyrismála hafa staðið yfir um alllangt skeið og kostur væri að niðurstöður þeirrar vinnu næðust sem fyrst. Með bættu heilsufari þjóðarinnar hafa lífslíkur farið ört batnandi á undanföllum árum sem er afar ánægjuleg þróun en felur um leið í sér áskorun fyrir lífeyrissjóði landsins. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga mun væntanlega gefa út nýjar lífslíknatölur á þessu ári en í þeim er gert ráð fyrir frekari lengingu á meðalævi þjóðarinnar. Þær forsendur munu hækka skuldbindingar lífeyrissjóðanna verulega og ljóst að við því þarf að bregðast. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig þessum auknu skuldbindingum verði mætt en líklegt er að það verði gert með hækkun á eftirlaunaaldri sjóðfélaga í áföngum á næstu tveimur áratugum eða svo. Með þeim hætti má komast hjá skerðingu lífeyrisgreiðslna og gæta jafnvægis milli kynslóða.

Árið 2015 var ár mikilla breytinga og umbóta hjá sjóðnum. Í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar sjóðsins var ákveðið að leggja áherslu á rekstur samtryggingadeildanna og loka séreignadeild sjóðsins. Þá var nýtt skipurit samþykkt þar sem meiri áhersla var lögð á áhættustýringu, vinnuaðstaða starfsfólks var bætt og unnið að nýrri heimasíðu og endurmörkun sjóðsins.

Stjórn sjóðsins þarf að mæta margvíslegum áskorunum á árinu 2016. Má þar nefna erfiða tryggingafræðilega stöðu A-deildar, stighækkandi örorkulífeyri og lokað hagkerfi. Gjaldeyrishóft setja fjárfestingarkostum sjóðsins þröngar skordur. Brýnt er að sjóðurinn geti fjárfest í auknum mæli erlendis á komandi misserum með tilliti til áhættudreifingar. Það er ánægjulegt að stjórnvöld hafi veitt lífeyrissjóðum auknar heimildir til erlendra fjárfestinga á undanförunum mánuðum. Samt sem áður er uppsöfnuð fjárfestingarþörf sjóðanna erlendis ennþá umtalsverð. Þegar áformum stjórnvalda um losun fjármagnshafa verður hrint í framkvæmd er mikilvægt að núverandi hindranir á fjárfestingum lífeyrissjóða erlendis verði ekki fyrir hendi.

Á árinu 2015 voru haldnir 17 stjórnarfundir auk árlegs stefnumótunarfundar. Starf stjórnar gekk í alla staði vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka stjórnar- og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Kristbjörg Stephensen
Stjórnarformaður



Starfsemi LSS


Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga rekur þrjár samtryggingadeildir, A-deild fyrir starfsmenn sveitarfélaga með föstum réttindum, V-deild með aldurstengd réttindi og B-deild, sem er réttindasafn fimm lokaðra sveitarfélagasjóða þ.e. Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðar-kaupstaðar. Þessu til viðbótar sér sjóðurinn um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar var ákveðið að leggja höfuðáherslu á meginhlutverk lífeyrissjóðsins, sem er rekstur samtryggingaeilda. Var því ráðist í að loka séreignardeild sjóðsins um síðustu áramót. Rekstri hennar var úthýst til Arion banka. Sjóðfélögum var boðið að flytja séreignarsparnað sinn til vörsluaðila séreignarsparnaðar að eigin vali, annars var séreignarsparnaður þeirra fluttur í Frjálsa lífeyrissjóðinn samkvæmt samkomulagi þar um. Rekstur séreignardeildar hefur breyst umtalsvert á síðustu árum með lagabreytingum sem m.a. höfðu áhrif á framkvæmd útgreiðslu séreignar. Þótti stjórninni hagsmunum sjóðfélaga í séreignardeild því best borgið hjá þeim vörsluaðilum sem sérhæfa sig í umsjón og stýringu séreignarsjóða. Sjóðfélagar í séreignardeildinni voru um eitt þúsund talsins og nam heildarflutningur séreignarsparnaðar þeirra í Frjálsa lífeyrissjóðinn um 1,5 milljörðum króna.

Í lok ársins var samþykkt nýtt skipurit hjá sjóðnum en áhættustýring fær nú meira vægi og skýrara hlutverk. Nú er sjóðnum skipt í fjögur svið þ.e. í réttinda- og lögfræðisvið, eignastýringarsvið, áhættustýringarsvið og fjármála-svið. Réttinda- og lögfræðisvið sér um skráningu og innheimtu iðgjalda,



Stjórn LSS á fundi ásamt framkvæmdastjóra og ritara. Frá vinstri: Elín Björg Jónsdóttir f.h. BSRB, Benedikt Valsson f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri, Kristbjörg Stephensen, formaður stjórnar f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Garðar Hilmarsson, varaformaður f.h. BSRB, Salóme A. Þórisdóttir, f.h. BHM og Sigurbergur Ármannsson f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga.



úrskurði lífeyris og lífeyrisgreiðslur og sjóðfélagalán. Eignastýringarsvið sér um fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, samskipti við eignastýringaraðila, eftirlit með fjárfestingum og skýrslugerð til stjórnar. Áhættustýringarsvið greinir og metur áhættu og gerir aðgerðaáætlun ef áhætta mælist út fyrir skilgreind mörk. Bókhald, fjármál, reikningsskil og upplýsingatækni heyrir undir fjármálasvið. Í sjóðnum er starfrækt fjárfestingaráð sem sinnir fjárfestingum sjóðsins og lánanevnd sem fer yfir mál er tengjast sjóðfélagalánum. Framkvæmdastjóri samþættir svo verkefni ofangreindra sviða. Önnur mikilvæg verkefni, svo sem starfsmannahald, regluvarsla, skjalastýring og samskipta- og upplýsingamál, heyrja beint undir framkvæmdastjóra.

Sem fyrr var áhersla lögð á umbótavinnu og innra verklag á árinu. Töluverðar breytingar urðu á eignastýringarsviði sjóðsins en á árinu var eignastýringaraðilum fækkað, eignastýringarsviðið eflt og eignastýringarreglum breytt. Á réttinda- og lögfræðisviði var lögð áhersla á rafræna umsýslu og betri virkni í upplýsingakerfum sjóðsins. Fjármálasviðið tók í notkun ný fjárhags- og uppgjörskerfi og hóf vinnu við þarfagreiningu á upplýsingakerfum sjóðsins. Haldið var áfram að byggja upp áhættusvið sjóðsins og innleidd aðferðafræði í samræmi við alþjóðlega staðla. Stefnur sjóðsins voru yfirfarnar á árinu í takt við þær breytingar. Á árinu var einnig tekið í notkun nýtt funda- og skjalakerfi og unnið að gerð nýrrar heimasíðu. Lögð var áhersla á námskeiðahald og kynningar fyrir starfsmenn, stjórnar- og nefndarmenn, launafulltrúa, trúnaðarmenn og sjóðfélaga.

Á árinu gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á upplýsingaöryggi, reksrárhættu og stjórnarháttum sjóðsins og kom með góðar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til.

Mannabreytingar

Á síðastliðnu ári voru ráðnir fjórir nýir starfsmenn, en þeir eru Auður Hanna Guðmundsdóttir, sérfræðingur í lánamálum, Eymundur Freyr Þórarinnsson, sérfræðingur í eignastýringu, Pálína Margrét Hafsteinsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Sigrún Sigurðardóttir iðgjaldafulltrúi. Fjórir starfsmenn hættu hjá sjóðnum, en það eru Anna Dröfn Clausen iðgjaldafulltrúi, Elías Halldór Leifsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, Jóna Björg Magnúsdóttir gæðastjóri og Magnea Sverrisdóttir, sérfræðingur í eignastýringu og lánamálum og eru þeim þökkun þeir vel unnin störf.

Starfsfólk LSS



Ásta Kristjánsdóttir



Auður Hanna
Guðmundsdóttir



Eymundur Freyr
Þórarinnsson




Erna Björk Jónsdóttir



Fanny Ósk Mellbin



Gerður Guðjónsdóttir



Guðbjörg
Rúnarsdóttir



Guðmundur
Friðjónsson




Helga María Mosty



Ingi Kristinn Pálsson



Pálína Margrét
Hafsteinsdóttir



Róbert Styrmir
Helgason



Sigrún Sigurðardóttir



Sigurveig Hjaltested



Þóra Jónsdóttir



Þórdís Yngvadóttir



Þórunn Alfreðsdóttir

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfrækir þrjár samtryggingardeildir, almenna deild eða A-deild, valdeild eða V-deild og bæjarfélagadeild eða B-deild.

Aðild að samtryggingardeildum

Aðild að lífeyrissjóðnum eiga þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hafa kjarsamningsbundna aðild að BSRB, BHM og KÍ, þ.e. félag stjórnenda leikskóla og leikskólakennara. Starfsmenn sveitarfélaga geta aðeins verið sjóðfélagar í A-deild en V-deildin er öllum opin.

B-deildin var stofnuð um mitt árið 2013, þegar Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar sameinuðust.


Í B-deildinni er hægt að reikna viðmið lífeyris með tvennum hætti, annars vegar eftir svokallaðri meðaltalsreglu og hins vegar eftir eftirmannsreglu. Meðaltalsreglan er sú að lífeyrir breytist mánaðarlega í takt við vísitölu launa opinberra starfsmanna en lífeyrir samkvæmt eftirmannsreglunni fylgir launum eftirmanns viðkomandi í starfi. Lífeyrisþegar hafa þrjá mánuði til að taka ákvörðun um hvorri reglunni þeir vilja fylgja.

Samtryggingardeildir



Samtryggingardeildir A-deild

Aldurskipting A-deild



Réttindaávinnsla A-deildar

A-deild veitir föst réttindi sem eru fyrirfram ákveðin og nemur árleg réttindaávinnsla 1,9% af ársláunum sem eru verðtryggt samkvæmt vísitölu neysluverðs. Iðgjald er breytilegt, er nú 16% en þar af greiðir sjóðfélagi 4%.

Heimilt er að hefja lífeyristöku 60 ára en almennt er miðað við að lífeyristökualdur hefjist ekki fyrr en við 65 ára aldursmörkin. Ef lífeyristaka hefst fyrr en við 65 ára aldurinn lækkar mánaðarleg upphæð og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar. Lækkunin nemur frá 0,45–0,65% á mánuði og hækkunin nemur 0,6–0,86% á mánuði.

Örorkulífeyrir miðast við 40% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu en lífeyrir er framreiknaður til 65 ára aldurs.


Makalífeyrir reiknast sem 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og er greiddur til þriggja ára en þá lækkar hann til helminga og er greiddur þannig í tvö ár. Makalífeyrir helst þó óskertur þar til yngsta barn nær 22 ára aldri eða ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 22 ára.

Iðgjöld

Á árinu 2015 námu iðgjaldagreiðslur til A-deildar samtals 7.254 milljónum króna og hækkuðu um rúm 14% milli ára. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að meðaltali í hverjum mánuði, var 11.333 en heildarfjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu var 16.634. Óvirkir sjóðfélagar í árslok voru 31.262. Meðalaldur sjóðfélaga í A-deild sjóðsins er 39 ár og af heildarfjölda þeirra sjóðfélaga sem áunnu sér réttindi á árinu í A-deild sjóðsins voru flestir á aldrinum 20–29 ára og fæstir á aldrinum 16–19 ára.

A-deild, þróun iðgjalda



Réttindaávinnsla V-deildar

Réttindaávinnsla V-deildar er aldurstengd og eru réttindi því háð aldri, iðgjaldi og ávöxtun. Góð ávöxtun eigna skilar sér í auknum réttindum. V-deildin er öllum opin og veitir sambærileg réttindi og almennir lífeyrissjóðir. Meginreglan er að iðgjaldið nemi 12% af greiddum launum sem tryggir grunnréttindi en iðgjald umfram það telst viðbótariðgjald sem sjóðfélagi getur valið til að tryggja sér aukin lífeyrisréttindi eða að leggja í séreignarsparnað.

Reiknað er með að almennur lífeyristökualdur hefjist við 65 ára aldur en rétt eins og í A-deildinni lækkar mánaðarleg upphæð ef lífeyristaka hefst fyrr og hækkar ef lífeyristaka hefst síðar. Lækkunin er á bilinu 0,45–0,65% á mánuði og hækkunin er á bilinu 0,6%–0,86% á mánuði.

Örorkulífeyrir miðast við 50% örorkumat og raunverulega tekjuskerðingu en lífeyrir er framreiknaður til 65 ára aldurs.


Makalífeyrir í V-deild nemur 50% af lífeyrisréttindum látins sjóðfélaga og greiðist í tvö ár eða þangað til yngsta barn nær 18 ára aldri. Þessi réttindi haldast ef maki er meira en 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélaga.

Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.

Iðgjöld


Á árinu 2015 námu iðgjaldagreiðslur til V-deildar samtals 2.325 milljónum króna og jukust um tæp 12% á milli ára. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að meðaltali í hverjum mánuði, var 4.802 en heildarfjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu var 8.147. Óvirkir sjóðfélagar í árslok voru 24.615. Meðalaldur sjóðfélaga í V-deild sjóðsins er 36 ár og af heildarfjölda þeirra sjóðfélaga sem áunnu sér réttindi á árinu í V-deild sjóðsins voru flestir á aldrinum 20–29 ára og fæstir 60–70 ára.

V-deild, þróun iðgjalda



Samtryggingardeildir V-deild

Aldursskipting V-deild



Samtryggingardeildir B-deild

Réttindaávinnsla B-deildar

Almennt er réttindaávinnsla 2% á ári fyrir fullt starf í réttindasöfnum B-deildarinnar af dagvinnulaunum. Hlutastarf skilar hlutfallslegum réttindum en iðgjald greiðist einnig af vaktaálagi, orlofs- og persónuuppþót.

Þeir sem eru orðnir 65 ára og hafa látið af störfum hjá sínu sveitarfélagi eða stofnunum þess geta hafið töku lífeyris. Möguleiki er að hefja töku lífeyris fyrr ef sjóðfélagi hefur náð 95 ára reglunni sem er samanlagður sjóðfélagaaldur og lífaldur.

Makalífeyrir er 50% af áunnum réttindum sjóðfélaga og greiðist ævilangt. Hafi sjóðfélagi látist í starfi eða eftir töku eftirlauna í beinu framhaldi af starfi greiðist 20% viðbótarálag á makalífeyrinn. Makalífeyrir fellur niður ef maki hefur sambúð eða gengur í hjónaband að nýju.


Barnalífeyrir er greiddur þar til barn verður 18 ára.

Örorkulífeyrir tekur mið af áunnum réttindum og er miðað við lágmark 10% örorkumat.

Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur og aukaframlög endurgreiðslna vegna lífeyris námu 825 milljónum króna á árinu 2015 og jukust um 15% frá fyrra ári. Að meðaltali greiddi 181 einstaklingur til B-deildarinnar í hverjum mánuði á árinu 2015 en B-deildin er lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Óvirkir sjóðfélagar í B-deild voru 1.910 í árslok 2015. Meðalaldur sjóðfélaga B-deildar sjóðsins er 60 ár. Sá yngsti sem greiddi inn í B-deild sjóðsins var 41 árs og sá elsti 70 ára.

Meðalaldur sjóðfélaga B-deildar eftir undirsjóðum




Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samanstanda af ellilífeyri, makalífeyri, barnalífeyri og örorkulífeyri. Lífeyrisgreiðslur námu samtals 2.960 milljónum króna og fengu að meðaltali 4.805 einstaklingar greiddan lífeyri mánaðarlega.

Lífeyrir samtryggingar-deilda


A-deild

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna A-deildarinnar á árinu 2015 nam 1.705 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 60,2% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 1.026 milljónir króna, 34,1% örorkulífeyrir eða samtals 582 milljónir króna, 2,8% makalífeyrir eða samtals 47 milljónir króna og 2,9% barnalífeyrir eða samtals 50 milljónir króna. Meðalfjöldi lífeyrisþega A-deildarinnar á árinu 2015 var 3.055.



V-deild

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna V-deildarinnar á árinu 2015 nam 135 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 31,3% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 42 milljónir króna, 58,9% örorkulífeyrir eða samtals 80 milljónir króna, 1,1% makalífeyrir eða samtals 1 milljón króna og 8,8% barnalífeyrir eða samtals 12 milljónir króna. Meðalfjöldi lífeyrisþega V-deildarinnar á árinu 2015 var 817.



B-deild

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna B-deildarinnar á árinu 2015 nam 1.120 milljónum króna og skiptist heildarfjárhæðin þannig að 76,1% var greiddur ellilífeyrir eða samtals 852 milljónir króna, 8,7% örorkulífeyrir eða samtals 98 milljónir króna, 15,1% makalífeyrir eða samtals 169 milljónir króna og 0,1% barnalífeyrir eða samtals 1 milljón króna. Meðalfjöldi lífeyrisþega B-deildarinnar á árinu 2015 var 933.

Séreignardeild

Eins og fram hefur komið var séreignardeild sjóðsins lokað um síðustu áramót en rekstur hennar var útvistaður til Arion banka. Sjóðfélögum var boðið að flytja séreignarsparnað sinn til vörsluaðila séreignarsparnaðar að eigin vali, annars var séreignarsparnaður þeirra fluttur í Frjálsa lífeyrissjóðinn samkvæmt samkomulagi þar um.

Rekstur séreignardeildar hefur breyst umtalsvert á síðustu árum með laga-breytingum sem m.a. hafa haft áhrif á framkvæmd útgreiðslu séreignar. Þótti stjórn sjóðsins hagsmunum sjóðfélaga í séreignardeild því best borgið hjá þeim vörsluaðilum sem sérhæfa sig í umsjón og stýringu séreignarsjóða.

Séreignardeildin bauð sjóðfélögum þrjár mismunandi leiðir í ávöxtun séreignarsparnaðar þar sem ávöxtun leiðanna var ólík sem og áhætta þeirra.

Á árinu var raunávöxtun leiðar I 9,5% samanborið við 4,9% árið áður. Í leið II var raunávöxtun 9,4% samanborið við 2,4% árið áður og leið III skilaði 2,5% raunávöxtun samanborið við 1,9% árið á undan. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar var 5,8% í leið I í árslok 2015, 4,9% í leið II og 2,2% í leið III.



Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris.

Áfallin skuldbinding A-deildar í árslok 2015 var 94,3 milljarðar króna og hækkaði um 11,3% á milli ára. Hrein eign A-deildar í árslok 2015 nam 91,3 milljörðum króna og hækkaði um 17,8% á milli ára. Voru eignir í árslok 3 milljörðum króna lægri en áfallin skuldbinding.

Þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það verður heildarskuldbinding neikvæð um 19,4 milljarða króna eða um 9,8% af heildarskuldbindingunni. Hlutfall ársins er undir lögbundnum viðmiðum en skuldbinding síðustu fimm ára er yfir 10% sem er yfir viðmiðum laga nr. 129/1997, og því þarf stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða fyrir 1. október n.k. og hækka mótframlag launagreiðanda.

Tryggingafræðileg athugun á V-deild var jákvæð um 6,8% í árslok 2015. Heildareignir voru 56,1 milljarður króna og heildarskuldbindingar 52,5 milljarðar króna þannig að eignir umfram skuldbindingar námu 3,6 milljörðum króna. Framlag launagreiðenda er að lágmarki 8,0% í V-deild en sveitarfélög greiða 11,5% og launþegar 4,0%. Réttindi sjóðfélaga í V-deild eru ekki tryggð og geta sjóðfélagar þurft að sæta skerðingu réttinda ef eignir eru ekki nægar á móti skuldbindingum deildarinnar.


Tryggingafræðileg athugun á B-deild var neikvæð um 22,9% í árslok 2015. Heildareignir voru 23,2 milljarðar króna og heildarskuldbindingar 30,1 milljarður króna og nemur því hallinn 6,9 milljörðum króna. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign að fjárhæð 18,2 milljörðum króna. Skuldbinding B-deildar er með bakabyrgð eftirfarandi sveitarfélaga; Hafnarfjarðarbæjar, Akraneskaupstaðar, Vestmannaeyjabæjar, Norðurþings og Fjarðabyggðar. Réttindi sjóðfélaga í B-deild eru tryggð.

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2015 var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Forsendur útreikningsins eru óbreyttar frá fyrra ári og er miðað við lífslíkur sem byggðar eru á árunum 2007–2011.

Tryggingafræðileg staða


Próun á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar

Skuldir umfram heildareignir




Próun á tryggingafræðilegri stöðu V-deildar

Eignir (skuldir) umfram heildarskuldbindingar



Próun á tryggingafræðilegri stöðu B-deildar

Skuldir umfram heildareignir



Markaðir

Þróun innlends verðbréfamarkaðar var hagfelld á árinu 2015. Innlenda hlutabréfavísitalan OMXI8 hækkaði um 43,4% og vegur þyngst í góðri ávöxtun lífeyrissjóða á árinu. Þrjú félög voru skráð í Kauphöllina á árinu: Reitir, Eik og Síminn, og eru félög á aðallista Kauphallarinnar orðin sextán. Reikna má með að á næstu árum fjölgi skráðum félögum enn frekar.

Góður gangur var á skuldabréfamarkaði þrátt fyrir sviptingar innan ársins. Áhrifaþættir á skuldabréfamarkaði voru annars vegar verðbólguvæntingar og væntingar um hækkun stýrivaxta og hins vegar áætlun um losun fjármagnshafta. Samkvæmt skuldabréfavísitölum Gamma hækkaði vísitala verðtryggðra bréfa um 10,1% og vísitala óverðtryggðra bréfa hækkaði um 6,6%. Krónan styrktist á árinu gagnvart evru um 8,4% en veiktist lítillega gagnvart dollar eða um 1,2%. Mikið innflæði gjaldeyris var á árinu vegna fjölgunar erlendra ferðamanna, sem skýrir sterka stöðu krónunnar. Seðlabankinn keypti umtalsvert af gjaldeyri á árinu til að styrkja gjaldeyrisforða sinn og vega á móti frekari styrkingu krónunnar.

Verðbólga var tæplega 2,0% á árinu 2015. Verðbólgan var því enn innan verðbólguþröngmiðs Seðlabankans en líklegt er að hún hækki vegna nýgerðra kjarasamninga. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 25 punkta í byrjun nóvember og var það þriðja stýrivaxtahækkun bankans á árinu. Fyrri tvær hækkanirnar voru 50 punktar í hvort skipti. Stýrivextir hækkuðu því um 1,25 prósentustig á árinu en það er leið bankans til að reyna að draga úr þenslu og áhrifum kjarasamninganna. Atvinnuleysi minnkaði á árinu og mældist í árslok um 3,1%.

Erlend hlutabréf lækkuðu í verði um 2,7% í USD á árinu (MSCI World Index). Eftir nokkra hækkun í janúar hélst verðið lítið breytt fram í júlí en erlend hlutabréf tóku dýfu í ágúst og september vegna óvissu á erlendum mörkuðum. Verðið hækkaði skarpt í október en seig svo aftur fram til loka ársins. Sveiflur á erlendum mörkuðum má einkum rekja til minni hagvaxtar í Kína, lágs olíuverðs og hættu á verðhjöðnun í Evrópu og Bandaríkjunum.

Ríkisstjórn Íslands hóf aðgerðir til losunar fjármagnshafta á árinu. Protabúum bankanna var gert að greiða stöðugleikaframlag í ríkissjóð og boðaðar eru aðgerðir til að losa um eignir erlendra aðila í íslenskum krónum með útboði. Á seinni hluta ársins veitti Seðlabankinn lífeyrissjóðum heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir 10 milljarða króna.



Ávöxtun


Nafnávöxtun A- og V-deilda var 10,3% á árinu 2015 og hrein raunávöxtun var 8,1%. Þetta er næsthæsta ávöxtun deildanna frá stofnun sjóðsins árið 1998. Ávöxtunin var mun hærrí en áætlun gerði ráð fyrir í fjárfestingarstefnu sjóðsins en þar var gert ráð fyrir 4,7% raunávöxtun á árinu. Há ávöxtun af innlendum hlutabréfum á árinu skýrir þennan mun að miklu leyti. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 5,0% í árslok og hækkaði meðaltalið um 1,4 prósentustig milli ára.

Nafnávöxtun B-deildar var 11,0% á árinu og hrein raunávöxtun var 8,8%. Ávöxtunin var langt umfram áætlun samkvæmt fjárfestingarstefnu sem gerði ráð fyrir 4,5% raunávöxtun. Þar sem B-deildin var stofnuð á miðju ári 2013, þegar fimm lokaðir lífeyrissjóðir sveitarfélaga voru sameinaðir í eina deild, ná ávöxtunartölur fyrir deildina aðeins til þess árs og því er ekki hægt að reikna fimm ára meðaltal.


Á súluritunum hér fyrir neðan sést framlag hvers eignaflokks til ávöxtunar á árinu 2015 í A- og V-deild og B-deild. Þar sést greinilega hvað innlend hlutabréf skiluðu mikilli ávöxtun á árinu. Hlutfall innlendra hlutabréfa var 16,0% í árslok í A- og V-deild en 11,5% í B-deild.

Ávöxtun	A- og V-deild	B-deild
Nafnávöxtun	10,3%	11,0%
Hrein raunávöxtun	8,1%	8,8%
5 ára meðaltal	5,0%	-

Framlag eignaflokka til ávöxtunar í A- og V-deild



Framlag eignaflokka til ávöxtunar í B-deild



Fjárfestingar ársins

Fjárfestingar í A- og V-deild námu 13,6 milljörðum króna á árinu 2015, en í B-deild var sala fjárfestinga meiri en kaup eða sem nemur 455 milljónum króna. Tafla hér fyrir neðan sýnir hreina fjárfestingu sjóðsins á árinu 2015 eftir deildum.

Í A- og V-deild var mest fjárfest í innlánum og peningamarkaðssjóðum fyrir 4,8 milljarða króna. Ávöxtun var góð á þessum fjárfestingum vegna lágrar verðbólgu. Næstmest var fjárfest í sértrygðum skuldabréfum bankanna eða fyrir 3,3 milljarða króna. Hrein fjárfesting erlendra hlutabréfa nam 1,7 milljörðum króna en sjóðurinn fékk á árinu heimild frá Seðlabankanum að kaupa erlenda gjaldmiðla fyrir 600 milljónir króna. Fjárfest var í skuldabréfum fyrirtækja fyrir 1,2 milljarða króna, í innlendum hlutabréfum fyrir tæplega 1 milljarð króna og í veðskuldabréfum fyrir rúmlega 918 milljónir króna en þar af voru ný lán til sjóðfélaga tæpar 600 milljónir króna. Fjárfest var í skuldabréfum sveitarfélaga fyrir 524 milljónir króna og í ríkistryggðum skuldabréfum fyrir 390 milljónir króna. Endurgreiðslur frá framtakssjóðum námu 174 milljónum króna á árinu.

Í B-deildinni voru innlend hlutabréf seld fyrir 374 milljónir króna, innlán og peningamarkaðssjóðir lækkuðu um 158 milljónir króna og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs voru seld fyrir 152 milljónir króna. Fjárfest var í skuldabréfum með ábyrgð sveitarfélaga fyrir 88 milljónir króna, í fasteignatryggðum skuldabréfum fyrir 59 milljónir króna og í sértrygðum skuldabréfum bankanna fyrir 56 milljónir króna. Fyrirtækjaskuldabréf voru keypt fyrir 13 milljónir króna og erlend hlutabréf fyrir 12 milljónir króna.

Fjárfestingahreyfingar 2015 <i>Í milljónum króna</i>	A- og V-deild	B-deild	Samtals
Innlán og peningamarkaðssjóðir	4.755	-158	4.597
Ríkistryggð bréf	390	-152	238
Skuldabréf sveitarfélaga	524	88	612
Skuldabréf lánastofnana	3.337	56	3.394
Skuldabréf fyrirtækja	1.179	13	1.193
Fasteignaveðlán	918	59	977
Innlend hlutabréf	952	-374	578
Erlend hlutabréf	1.706	12	1.718
Sérhæfðar fjárfestingar	-174	0	-174
Fjárfestingar samtals:	13.587	-455	13.132

Sjóðurinn veitir lán til sjóðfélaga, sem og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Lánin eru verðtryggð með föstum vöxtum sem nú eru 3,7%. Lánstími lánanna getur verið frá 5 árum til 40 ára. Aðeins er lánað gegn veði í íbúðarhúsnæði og getur veðhlutfall verið allt að 65% af markaðsvirði fasteignar. Lántakendum er heimilt að greiða upp lán að hluta eða öllu leyti án sérstaks uppgreiðslugjalds.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóðsins falla undir lög um neytendalán, nr. 33/2013. Samkvæmt lögnum er upplýsingagjöf aukin til lántakenda og auknar kröfur gerðar um mat á greiðslugetu og lánshæfi þeirra.

Á árinu 2015 voru veitt 73 ný lán til sjóðfélaga, samtals 597 milljónir króna samanborið við 55 lán árið 2014 að fjárhæð 534 milljónir króna. Aukning hefur orðið á lánveitingum frá því á árunum 2009–2012 þegar fjöldi lánveitinga dróst saman, eins og sjá má á súluritum hér til hliðar. Meðalfjárhæð lána á árinu 2015 nam 8,18 milljónum króna, en meðalfjárhæð lána sjóðsins hefur hækkað á undanförunum árum.

Í árslok 2015 námu útistandandi sjóðfélagalán 5.980 milljónum króna eða 5,2% af heildareignum. Fjárhæð vanskila í árslok 2015 var 53 milljónir króna en stórt hlutfall vanskila er tilkomið vegna greiðsluskjólss sjóðfélaga.


Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðnum fyrir skuldara í greiðsluvanda. Áhersla hefur verið lögð á að aðstoða sjóðfélaga eftir fremsta megni við að halda lánunum í skilum með úrræðum sem í boði eru.

Stjórnvaldsaðgerðir

Í lok árs 2015 var frumvarp að nýjum lögum um fasteignalán til neytenda lagt fram á Alþingi, en markmið laganna er að stuðla að ábyrgum lánveitingum og tryggja neytendavernd m.a. við veitingu fasteignalána til neytenda. Um er að ræða ný lög þar sem gerðar eru lítilsháttar breytingar á lögum um neytendalán, nr. 33/2013 en ekki liggur fyrir hvenær umrædd lög taka gildi.


Sjóðfélagalán

Fjöldi nýrra sjóðfélagalána




Lán til sjóðfélaga

Í milljónum króna




Meðalfjárhæð nýrra sjóðfélagalána

Í milljónum króna



Verðbréfaeign í árslok

Skipting verðbréfaeignar
í árslok 2015



Verðbréfaeign A- og V-deildar hækkaði um 19 milljarða króna frá árinu áður eða um 21% og nemur í árslok um 108,4 milljörðum króna. Verðbréfaeign A-deildar í árslok var 90,1 milljarður króna og verðbréfaeign V-deildar var 18,3 milljarðar króna. Ríkistryggð skuldabréf vega sem fyrr þungt í eignasafni sjóðsins eða um 36,7 milljarða króna eða sem nemur þriðjungu af heildarsafni sjóðsins. Frekari skipting safnsins eftir eignaflokkum sést á töflu og súluriti.

Verðbréfaeign B-deildar nam 4,4 milljörðum króna í árslok 2015 sem er lækkun um 4,5% frá árinu áður. Ríkistryggð skuldabréf námu 2,4 milljörðum króna eða rétt rúmlega helmingi af safninu. Frekari skiptingu má sjá í töflu og súluriti.

Eins og fram hefur komið hafa breytingar orðið í eignastýringu sjóðsins. Eignastýringaraðilum hefur verið fækkað en nú eru aðeins í gildi tveir samningar við fjármálastofnanir um stýringu á innlendum eignum sjóðsins. Þá hefur sjóðurinn gert ráðgjafasamninga við tvö erlend eignastýringarfyrirtæki um fjárfestingar í erlendum hlutabréfasjóðum og erlendum framtaksjóðum. Í árslok 2015 voru um 57% af verðbréfaeign A- og V-deilda í virkri stýringu hjá innlendum eignastýringaraðilum og um 72% af verðbréfaeign B-deildar var í virkri stýringu. Stefnt er að því að minnka vægi útvistunar í eignastýringu hjá sjóðnum á næstu misserum.

Verðbréfaeign í lok árs 2015 <i>I milljónum króna</i>		A- og V-deild	B-deild	Samtals
Innlán og peningamarkaðssjóðir		9.873	179	10.052
Ríkistryggð bréf		36.726	2.363	39.088
Skuldabréf sveitarfélaga		7.374	329	7.704
Skuldabréf lánastofnana		6.524	145	6.670
Skuldabréf fyrirtækja		8.737	299	9.036
Fasteignaveðlán		6.598	249	6.848
Innlend hlutabréf		17.334	507	17.841
Erlend hlutabréf		8.617	350	8.968
Sérhæfðar fjárfestingar		6.633	0	6.633
Verðbréfaeign samtals:		108.417	4.422	112.839
Þar af:	Erlend verðbréf	16.793	337	17.130
	Óskráð verðbréf	13.086	162	13.248

Sundurliðun verðbréfaeignar A- og V-deildar

Bankainnistæður: 5.037

Ríkistryggð skuldabréf:

Íbúðarbréf (HFF)	20.992
Ríkisbréf, óverðtryggð (RÍKB)	7.405
Ríkisbréf, verðtryggð (RÍKS)	3.334
Landsvirkjun	2.061
Önnur ríkistryggð skuldabréf	896
Samtals:	34.689

Skuldabréf sveitarfélaga:

Lánasjóður sveitarfélaga	3.592
Reykjavík	966
Orkuveita Reykjavíkur	844
Akureyrarbær	837
Kópavogur	445
Mosfellsbær	98
Reykjaneshöfn	81
Önnur skuldabréf sveitarfélaga	341
Samtals:	7.204

Skuldabréf lánastofnanna:

Íslandsbanki	2.844
Arion banki	1.539
Landsbankinn	1.129
Samtals:	5.512

Skuldabréf fyrirtækja:

Harpa, tónlistarhús	1.211
Reginn, fasteignafélag	1.128
Reitir, fasteignafélag	1.119
Veðskuldabréfasjóður Virðingar	761
FAST 1, fasteignafélag	567
FORK, fjárfestingasjóður	561
Veðskuldabréfasjóður ÍV	512
HS veitur hf.	467
RARIK	352
Bakkastakkur ehf	309
Eik, fasteignafélag	272
FOSS, fasteignafélag	243
Landsnet	169
Önnur skuldabréf fyrirtækja	866
Samtals:	8.537

Veðlán

Sjóðfélagalán	5.790
Önnur veðlán	809
Samtals:	6.598

Skuldabréfasjóðir:

Veltubréf Landsbréfa	2.489
Íslandssjóðir, Sjóður 7	1.770
Markaðsbréf Landsbréfa	897
Virðing Lausafjársgjóður	777
Stefnir ríkisbréfasjóður	554
Júpiter Lausafjársgjóður	509
Stefnir Lausafjársgjóður	433
Íslandssjóðir, Sjóður 5	316
Aðrir skuldabréfasjóðir	101
Samtals:	7.846

Hlutabréfatengd skuldabréf:

GLEQ, Alda management	326
Önnur hlutabréfatengd skbr	83
Samtals:	410

Innlend hlutabréf:

Stefnir ÍS-15	4.575
Icelandair Group hf.	3.476
Framtakssjóður Íslands slhf.	1.363
Marel hf.	1.818
Reitir hf.	1.011
VÍS hf.	436
Alda Equity Opportunity Fund ..	346
SÍA II slhf.	408
Össur hf.	460
FAST1 slhf.	378
SF V slhf. (Festi)	350
Eimskip hf.	517
Horn II slhf	304
Síminn hf.	300
Sjóvá hf.	100
Íslensk verðbréf hf.	127
Hlutabréfasjóður IV	331
SF VI slhf (Verne Global)	148
Landsbréf LEQ	112
Akur slhf.	108
Alda Credit Fund slhf.	104
Önnur innlend hlutabréf	562
Samtals:	17.334

Erlend hlutabréf:

iShares MSCI Japan	912
SPTR CS EFT MSCI USA	776
Morgan Stanley US Equity	731
Vanguard European Stock	698
Powershares Global Fund	645
MFS Meridian value Fund	621
Robeco US prime Equity	585
BlackRock Global Funds	501
Threadneedle-UK Equity	475
iShares VII PLC MCSI USA	469
Aberdeen Global SICAV	322
Threadneedle European Equity ..	308
Skagen Kon-Tiki EUR	269
Vontobel EM Fund	401
Bank Nordik	261
Vanguard US Opportunity Fund.	257
Vanguard US Discovery Fund ..	196
Landsbanki Global Equity	124
Önnur erl. hlutabréf	66
Samtals:	8.617

Sérgreindar fjárfestingar:

Landsbanki Private Equity II	1.633
Blackrock POF III	1.142
Blackrock Vessey Street IV	1.022
Partners Group Acia Pacific	887
Unicapital Investments	695
International Private Equity	412
Access Capital	379
Cinven IV	182
Alþjóða fasteignasjóðurinn	137
Aðrar sérgreindar fjárfestingar ..	145
Samtals:	6.633

Verðbréf samtals: 108.417

Sundurliðun verðbréfaeignar B-deildar

Bankainnistæður 179

Ríkistryggð skuldabréf

Íbúðarbréf (HFF)	1.337
Ríkisbréf, verðtryggð (RÍKS)	640
Ríkisbréf, óverðtryggð (RÍKB)	178
Húsbref	81
Önnur ríkistryggð skuldabréf	52
Samtals:	2.289

Skuldabréf sveitarfélaga:

Hafnarfjarðarbær	107
Akureyrarbær	92
Norðurþing	49
Lánasjóður sveitarfélaga	42
Reykjavík	19
Kópavogsbær	11
Önnur sveitarfélög	10
Samtals:	329

Skuldabréf lánastofnanna:

Íslandsbanki	84
Landsbankinn	40
Arion banki	21
Samtals:	145

Skuldabréf fyrirtækja

Harpa tónlistarhús	101
Reginn, fasteignafélag	78
Reitir, fasteignafélag	68
Tryggingamiðstöðin víkjandi	20
Eik fasteignafélag	16
Önnur fyrirtækjaskuldabréf	17
Samtals:	299

Veðlán

Sjóðfélagalán	135
Önnur veðlán	114
Samtals:	249

Skuldabréfasjóðir:

Stefnir ríkisbréfasjóður	69
Aðrir skuldabréfasjóðir	5
Samtals:	74

Innlend hlutabréf:

Stefnir ÍS-15	155
Icelandair Group hf.	75
Össur hf.	62
Marel hf.	60
Reitir hf.	53


Síminn hf.	50
VÍS hf.	23
LEQ Landsbréf	11
Önnur innlend hlutabréf	18
Samtals:	507

Erlend hlutabréf:

iShares VII PLC MCSI USA	59
iShares MSCI Japan	38
Vanguard European Stock	32
Morgan Stanley US Equity	29
Powershares Global Fund	26
MFS Meridian value Fund	23
Robeco US prime Equity	23
Vontobel EM Fund	22
Landsbanki Global Equity	20
Threadneedle-UK Equity	20
BlackRock Global Funds	20
Vanguard US Opportunity Fund.	13
Threadneedle European Equity ..	11
Önnur innlend hlutabréf	16
Samtals:	350

Verðbréf samtals: 4.422

Fjárfestingarstefna 2016



Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eiga lífeyrissjóðir að gera fjárfestingarstefnu árlega fyrir komandi ár. Stefnunni ber að skila til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. desember ár hvert. Í fjárfestingarstefnu er m.a. kveðið á um markmið og áherslur í eignasamsetningu fyrir hverja deild.

Í forsendum um vænta ávöxtun í fjárfestingarstefnu ársins 2016 var gert ráð fyrir að innlend hlutabréf hækkuðu um 12% og erlend hlutabréf um 10%. Vænt ávöxtun skuldabréfa byggði á kaupkröfu skuldabréfa í verðbréfakerfi sjóðanna. Þá var gert ráð fyrir föstu gengi og að verðbólga verði 3,5% innan ársins.

Vænt ávöxtun er áætluð í hverjum eignaflokki og flókt ávöxtunar metið í hverjum eignaflokki út frá reiknuðu staðalfrávikum aftur í tímann. Þar með fæst vænt ávöxtun safnsins í heild og áhætta mæld sem staðalfrávik. Fjárfestingarstefna deildanna er sýnd í töflu hér fyrir neðan og samandregin stefna í stúluriti hér til hliðar. Í stefnunni sjást markmið hversrar deildar í fjárfestingum eftir eignaflokkum, skuldabréfum, hlutabréfum, sérhæfðum fjárfestingum og innlánum.

Fjárfestingarstefnur sjóðsins eru varfærnar þar sem ríflega 40% af verðbréfaeign deildanna er í ríkistryggðum skuldabréfum. Markmið A- og V-deilda er um 40% í ríkistryggðum skuldabréfum en í B-deild er markmiðið 55%. Í A- og V-deild er markmið innlendra skuldabréfa samtals 69% og 83% í B-deild. Markmið í hlutabréfum er 25% í A- og V-deild en 17% í B-deild. Auk þess eru A- og V-deild með 6% markmið í sérhæfðum fjárfestingum sem aðallega felast í erlendum framtakssjóðum en B-deild hefur ekkert í þeim eignaflokki.

Fjárfestingarstefnur 2016	A- og V-deild	B-deild
Innlán	0%	0%
Ríkistryggð bréf	40%	55%
Skuldabréf sveitarfélaga	8%	8%
Skuldabréf lánastofnana	5%	5%
Skuldabréf fyrirtækja	10%	10%
Fasteignaveðlán	6%	5%
Innlend hlutabréf	15%	10%
Erlend hlutabréf	10%	7%
Sérhæfðar fjárfestingar	6%	0%
Fjárfestingar samtals:	100%	100%
Gengisbundin og óskráð verðbréf		
Erlend verðbréf	18%	7%
Óskráð verðbréf	15%	10%
Vænt raunávöxtun	4,6%	4,4%
Staðalfrávik	4,4%	4,7%

Stefna A- og V-deilda er að 18% af eignasafninu verði í erlendum verðbréfum á árinu 2016 og 15% í óskráðum verðbréfum. Stefna B-deildar er 7% í erlendum verðbréfum og 10% í óskráðum verðbréfum.

Vænt raunávöxtun A- og V-deilda er 4,6% á árinu 2016 og flókt er áætlað 4,4% mælt sem staðalfrávik. Vænt raunávöxtun B-deildar er 4,4% og flókt 4,7%.

Í fjárfestingastefnum deildanna er fjallað nánar um þau viðmið sem sjóðurinn setur í einstökum eignaflokkum og áhættumat. Auk þess er fjallað um skuldbindingar samtryggingadeilda sjóðsins, um réttindakerfi þeirra, tryggingafræðilegt mat og áætlað framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyris. Fjárfestingastefnan er birt í heild sinni á heimasíðu sjóðsins.



Eins og fram hefur komið var skipurit sjóðsins uppfært á árinu 2015 og stjórnskipulag áhættustýringar tekið til gagnerrar endurskoðunar þar sem áhersla var lögð á aukið sjálfstæði, skýrara hlutverk og ábyrgð í starfsemi sjóðsins. Framkvæmd áhættustýringar felst í reglubundnu áhættumati með starfsfólki, áhættumælingum, úttektum og aðgerðum.

Stefnur sjóðsins voru yfirfarnar og endurskoðaðar í samræmi við nýtt skipulag og verklag áhættustýringar. Stjórn sjóðsins samþykkti á árinu nýja áhættustefnu, stefnu um áhættuvilja og áhættuþol, upplýsingaöryggisstefnu, útvistunarstefnu og upplýsingatæknistefnu.

Fjármálaeftirlitið kannaði upplýsingaöryggi og rekstraráhættu sjóðsins á árinu og var niðurstaðan í megindráttum jákvæð. Eftirlitið benti á nokkur atriði sem má bæta og vinna stjórn og starfsmenn að úrbótum á þeim.

Áhættustefna

Markmið með áhættustefnu sjóðsins er að auka öryggi í rekstri hans. Í áhættustefnu felst að stjórn og starfsmenn meta áhættu og viðeigandi áhættuþætti við ákvarðanatöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni. Sjóðurinn greinir og meðhöndlar áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingadeilda lífeyrissjóða nr. 1/2013 og leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Þessi áhætta nær bæði til atriða sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum.

Áhættumat og áhættuflokkun

Hluti að skilvirku áhættumati er að greina starfsemi lífeyrissjóðsins í áhættumatsþætti. Hver áhættumatsþáttur er svo greindur í einstaka verkþætti og fer hver verkþáttur í gegnum reglubundið áhættumat.

Áhættu- stýring

Áhættustýring

Í áhættustefnu sjóðsins eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu og í hverjum þeirra eru nokkrir áhættuþættir. Alls eru 27 áhættuþættir metnir.

Skuldbindingaráhætta	Lausafjáraáhætta	Mótaðilaáhætta	Markaðsáhætta	Rekstraráhætta
Skerðingaráhætta	Seljanleikaáhætta	Skuldaraáhætta	Vaxta- og endurfjárf.áhætta	Starfsmannaáhætta
Iðgjaldaáhætta	Sjóðstreymisáhætta	Samþjöppunaráhætta	Uppgreiðsluáhætta	Áhætta vegna svika
Kreppuáhætta		Landsáhætta	Verðbreytingaáhætta	Áhætta vegna upplýsingakerfa
Lýðfræðileg áhætta		Afhendingaráhætta	Gjaldmiðlaáhætta	Orðsporsáhætta
Pólitísk áhætta			Hætta á ósamræmi	Lagaleg áhætta
			Verðbólguáhætta	Úrskurðaráhætta
			Áhætta utan efnahags	Áhætta vegna úthýsingar
				Upplýsingaáhætta

Áhættu- og fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnan gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu sjóðsins og markar viðmið og viktörk fyrir áhættuþætti hans. Sjóðurinn leitast við að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Við mótun áhættustefnu liggur til grundvallar mat á núverandi stöðu sjóðsins og þróun til framtíðar. Greind eru áhrif mismunandi eignasamsetningar eftir eignaflokkum og horft á vænta ávöxtun og áhættu.

Stjórnskipulag áhættustýringar

Stjórn ber ábyrgð á að móta áhættustefnu og að áhættustýring sé til staðar. Á grundvelli stefnunnar felur stjórn sjóðsins framkvæmdastjóra, sviðsstjóra áhættustýringar og öðru starfsfólki umsjón með framkvæmd hennar en stjórnin hefur eftirlit sem byggir á upplýsingum, m.a. úr áhættuskýrslum. Endurskoðunarnefnd, innri endurskoðun og ytri endurskoðandi gegna mikilvægu hlutverki varðandi eftirfylgni með virkni áhættustýringar.

Áhættuþol

Áhættuþol A- og V-deilda sjóðsins er nokkuð mikið þar sem lífeyrisbyrði deildanna er lág og sjóðfélagar í yngri kantinum. Á mælikvarða tryggingafræðilegrar stöðu er áhættuþol V-deildar meira en A-deildar. Markmið sjóðsins er að skila yfir 3,5% raunávöxtun fyrir allar samtryggingardeildir sjóðsins til lengri tíma. Á árinu 2016 er markmiðið að skila 4,6% raunávöxtun í A- og V-deild og að staðalfrávik ávöxtunar verði 4,4%.

Áhættuþol B-deildar er frekar lítið, enda er lífeyrisbyrðin þung, meðalaldur virkra sjóðfélaga í hærri kantinum og tryggingafræðileg staða neikvæð. Stefna sjóðsins er að hafa varfærna fjárfestingarstefnu í B-deild, lágmarka áhættu og tryggja að bakábyrgð sveitarfélaganna aukist ekki vegna fjárfestinga sjóðsins. Markmið B-deildar er að skila 4,4% raunávöxtun á árinu 2016 og að staðalfrávik verði 4,7%.

Áhættueftirlit

Sviðsstjóri áhættustýringar hefur yfirumsjón með áhættueftirliti en sjálf framkvæmdin dreifist á starfsmenn eftir ábyrgðarsviði. Formlegt áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum áhættueftirlitsaðgerðum, en mikilvægasti hluti eftirlitsins næst þó með virku innra eftirliti.

Ársreikningur 2015

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	24
Áritun óháðs endurskoðanda	26
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015	27
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 ..	31
Sjóðstreymi ársins 2015	29
Skýringar	30
Kennitölur	42
Deildarskipt yfirlit	48



Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfar í þremur sameignardeildum (A, V og B) og einni séreignardeild (S). B-deild skiptist síðan í fimm undirsöfn (LA, EsH, LsH, LN og LV) og S-deild í þrjár ávöxtunarleidir (1, 2 og 3). S-deildinni var lokað í árslok 2015 og innistæður afhentar öðrum aðila. Því birtast engar fjárhæðir fyrir séreignadeild í árslok 2015.

Iðgjöld

Iðgjöld í sameignardeild námu 10.404 m.kr. á árinu 2015, samanborið við 9.144 m.kr. árið áður. Þau skiptast þannig á milli sjóðsdeilda að 7.254 m.kr. voru greiddar í A-deild samanborið við 6.342 m.kr. árið áður, 2.325 m.kr. voru greiddar í V-deild samanborið við 2.084 m.kr. árið áður og greiðslur í B-deild námu 825 m.kr. samanborið við 718 m.kr. árið 2014.

Í A-deild áunnu 16.634 einstaklingar sér réttindi á árinu 2015 samanborið við 14.916 árið áður, í V-deild 8.147 samanborið við 8.759 árið áður og 189 í B-deild samanborið við 196 á árinu 2014. Að meðaltali greiddu 11.333 einstaklingar iðgjöld í A-deild á árinu 2015 samanborið við 10.657 árið áður, 4.802 í V-deild samanborið við 4.792 árið áður og 181 í B-deild samanborið við 201 á árinu 2014.

Séreignardeild var lokað í árslok 2015 og nam flutningur og endurgreiðslur úr deildinni 144 m.kr. á árinu 2015. Iðgjöld á árinu námu 101 m.kr. samanborið við 78 m.kr. árið áður.

Í séreignardeild áunnu 171 einstaklingar sér réttindi í Leið 1 á árinu 2015 samanborið við 177 árið áður, 73 í Leið 2 samanborið við 69 árið áður og 38 í Leið 3 samanborið við 42 árið 2014. Í árslok 2015 greiddu 27 einstaklingar iðgjöld í Leið 1 samanborið við 816 árið áður, 20 í Leið 2 samanborið við 194 árið áður og 5 í Leið 3 samanborið við 137 í árslok 2014.

Í árslok 2015 voru 57.787 óvirkir sjóðfélagar í sameignardeild, samanborið við 55.944 í upphafi árs. Óvirkir sjóðfélagar eru þeir sem eiga uppsöfnuð réttindi en hafa ekki hafið töku lífeyris og skiptast þeir þannig á milli deild 31.262 sjóðfélagar í A-deild, 24.615 í V-deild og 1.910 í B-deild.

Lífeyrir

Í sameignardeild fengu að meðaltali 3.055 einstaklingar greiddan lífeyri úr A-deild á árinu 2015 samanborið við 2.699 árið áður, 817 úr V-deild samanborið við 626 árið áður og 933 úr B-deild samanborið við 923 á árinu 2014.

Greiddur lífeyrir í sameignardeild nam 3.051 m.kr. á árinu 2015, samanborið við 2.639 m.kr. árið áður. Hann skiptist þannig á milli deilda að 1.780 m.kr. voru greiddar út úr A-deild samanborið við 1.535 m.kr. árið áður, 150 m.kr. voru greiddar úr V-deild samanborið við 112 m.kr. árið áður og 1.121 m.kr. voru greiddar úr B-deild á árinu 2015 samanborið við 993 m.kr. árið 2014.

Í séreignardeild fengu að meðaltali 46 einstaklingar greiddan lífeyri úr Leið 1 á árinu 2015 samanborið við 18 árið áður, 18 úr Leið 2 samanborið við 4 árið áður og 16 út Leið 3 samanborið við 8 árið 2014.

Greiddur lífeyrir í séreignardeild nam 58 m.kr. á árinu 2015, samanborið við 73 m.kr. árið áður. Hann skiptist þannig á milli leiða að 32 m.kr. voru greiddar út úr Leið 1 samanborið við 53 m.kr. árið áður, 11 m.kr. voru greiddar úr Leið 2 samanborið við 7 m.kr. árið áður og 15 m.kr. voru greiddar úr Leið 3 á árinu 2015 samanborið við 13 m.kr. árið 2014.

Hrein eign

Hrein eign til greiðslu lífeyris var 114.422 m.kr. í lok árs 2015 en var 98.167 m.kr. í upphafi árs. Í sameignardeild var hrein eign 114.422 m.kr. samanborið við 96.736 m.kr. í upphafi árs, og í séreignardeild var hrein eign í árslok 0 m.kr. samanborið við 1.430 m.kr. í upphafi árs.

Hrein eign í sameignardeild skiptist þannig í árslok 2015 að 85,0% er í íslenskum krónum en 15,0% í erlendum myntum.

Sjóðstreymi

Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu, þ.e. innborguð iðgjöld og aðrar innborganir að frádregnum greiddum lífeyri og öðrum útgreiðslum, nam 28.287 m.kr. samanborið við 21.917 m.kr. árið áður. Því var ráðstafað þannig að 15.007 m.kr. fóru til kaupa á verðbréfum með breytilegar tekjur, samanborið við 11.822 m.kr. árið 2014, 11.124 m.kr. fór til kaupa á verðbréfum með fastar tekjur, samanborið við 7.188 árið áður, inn á bankareikninga fóru 1.548 m.kr. samanborið við 1.561 m.kr. árið 2014 og 977 m.kr. fóru í aðrar fjárfestingar, en í þann lið fóru 534 m.kr. á fyrra ári.

Ávöxtun sjóðsins

Nafnávöxtun sameignardeilda (A, V og B) var 10,3% á árinu 2015 samanborið við 5,7% árið áður, og raunávöxtun deildanna var 8,1% samanborið við 4,6% árið 2014. Nafnávöxtun A- og V-deilda var 10,3% en var 5,7% árið áður. Nafnávöxtun B-deilda var 11,0% á árinu 2015 en var 6,5% árið áður.

Nafnávöxtun séreignardeilda (S) var 10,4% á árinu 2015 samanborið við 5,9% árið áður, og raunávöxtun deildarinnar var 8,2% samanborið við 4,6% árið 2014. Nafnávöxtun Leiðar 1 var 11,7% en var 5,9% árið áður, nafnávöxtun Leiðar 2 var 11,5% en var 3,4% árið áður og nafnávöxtun Leiðar 3 var 4,6% en var 2,9% á árinu 2014.

Visitala neysluverðs hækkaði um 2,00% á árinu 2015, en hækkaði um 1,03% árið áður.

Ávöxtun á markaði

Úrvalsvisitala innlendra hlutabréfa OMX18 hækkaði um 43,4% á árinu. Visitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 10,4% fyrir verðtryggt og 6,6% fyrir óverðtryggt. Visitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,0%. Heimsvisitala hlutabréfa hækkaði um 0,7% mælt í íslenskum krónum og 2,7% mælt í bandaríkjadólum.

Rekstur

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 279 m.kr. á árinu 2015 samanborið við 219 m.kr. árið áður. Þar af voru laun og launatengd gjöld 204 m.kr. samanborið við 175 m.kr. árið áður. Fjöldi starfsmanna í árslok 2015 var 18 samanborið við 14 starfsmenn árið áður. Fjöldi stöðugilda á árinu 2015 var 16,5 samanborið við 13,4 árið á undan.

Sjóðurinn sér einnig um daglegan rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Tryggingafræðileg úttekt

Bjarni Guðmundsson er tryggingastærðfræðingur sjóðsins. Niðurstaða tryggingafræðilegri athugunar í árslok 2015 sýnir að heildarskuldbinding A-deildar er 197.582 m.kr. samanborið við 175.913 m.kr. í árslok 2014. Endurmetnar heildareignir námu 178.154 m.kr. samanborið við 154.291 m.kr. árið áður eða halli sem nemur 19.428 m.kr. Hlutfall heildarskuldbindingar umfram heildareignir var því 9,8%. Heildarskuldbinding V-deildar í árslok 2015 var 52.510 m.kr. samanborið við 46.479 m.kr. í árslok 2014 og eru endurmetnar heildareignir 56.082 m.kr. samanborið við 48.664 m.kr. árið áður og því hlutfall heildareigna umfram heildarskuldbindinga 6,8%.

Í 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að hrein eign til greiðslu lífeyris skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meira en 10% mun er hlut- aðeigandi sjóð skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur hefur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár.

Með lögum nr. 96/2014 sem samþykkt voru á Alþingi 30. september 2014, var bráðabirgðaákvæði VI framlengt en um er að ræða tímabundna undanþágu frá tryggingafræðilegu jafnvægi. Við tryggingafræðilega athugun á árinu 2014 var heimilt að hafa allt að 13% mun á hreinni eign og núvirði væntanlegs lífeyris án þess að grípa til aðgerða og einnig var heimilt að hafa meira en 10% mun í allt að sjö ár frá og með árinu 2008.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2015 sýnir að í A-deild voru skuldbindingar umfram eignir um 9,8%. Hlutfall í A-deild fyrir árið 2015 er undir viðmiði sem gildir fyrir árið en er yfir viðmiði hvað varðar fimm árin og því ber stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins skal við þessar aðstæður hækka iðgjald launagreiðanda.

B-deild er undanþegin ofangreindum skilyrðum þar sem hún nýtur bakabyrgðar viðkomandi sveitarfélaga. Að mati tryggingastærðfræðings sjóðsins var heildarskuldbinding B-deildar 30.056 m.kr. samanborið við 28.684 í árslok 2014 og endurmetnar heildareignir námu 23.183 m.kr. samanborið við 22.336 m.kr. árið áður. Hlutfall heildarskuldbindinga umfram heildareignir var því 22,9% samanborið við 22,1% árið áður.

Atburðir eftir uppgjörsgdag

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsgdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn og ekki hefur þegar verið tekið tillit til.

Áhrif óvissu á ytra starfsumhverfi

Ytra starfsumhverfi sjóðsins einkenndist sem fyrr af gjaldeyrishöftum og takmörkuðum fjárfestingakostum. Unnið er að losun gjaldeyrishafta en á árinu 2015 veitti Seðlabanki Íslands lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta fyrir 10 ma.kr. í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri á ári og á fyrri hluta ársins 2016 var heimildin komin í 20 ma.kr. Vegna gildandi reglna um gjaldeyrisviðskipti er sjóðnum ekki mögulegt að beita gjaldeyrisvörnum og er erlend verðbréfaeign sjóðsins því óvarin gagnvart gengissveiflum íslensku krónunnar.

Staðfesting stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2016




Kristbjörg Stephensen, formaður stjórnar



Gardar Hilmarsson, varaformaður stjórnar



Benedikt Þór Valsson, stjórnarmaður




Elin Björg Jónsdóttir, stjórnarmaður



Sigurbergur Ármannsson, stjórnarmaður



Salome Anna Þórisdóttir, stjórnarmaður



Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar, kennitölur og deildaskipt yfirlit.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit endurskoðanda

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000 og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 28. apríl 2016

PricewaterhouseCoopers ehf.



Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

	Skýr.	2015			2014
		Samtrygging	Séreign	Samtals	Samtals
Iðgjöld	6				
Iðgjöld sjóðfélaga		2.526.390	58.835	2.585.225	2.275.821
Iðgjöld launagreiðenda		7.068.608	42.084	7.110.692	6.262.201
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(4.015)	(143.874)	(147.889)	(15.299)
Sérstök aukaframlög	16	812.653	0	812.653	690.863
		<u>10.403.637</u>	<u>(42.956)</u>	<u>10.360.681</u>	<u>9.213.587</u>
Lífeyrir					
Lífeyrir	17	(2.959.887)	(57.859)	(3.017.746)	(2.638.207)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		(5.030)	0	(5.030)	(5.391)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		(86.226)	0	(86.226)	(68.764)
		<u>(3.051.143)</u>	<u>(57.859)</u>	<u>(3.109.002)</u>	<u>(2.712.362)</u>
Fjárfestingartekjur	7				
Tekjur af eignarhlutum	18	3.001.639	11.918	3.013.556	322.207
Vaxtatekjur og gengismunur	19	7.730.057	134.471	7.864.528	5.029.888
Hagnaður (tap) af sölu fjárfestinga		(16.493)	0	(16.493)	81.870
Breyting á niðurfærslu	24	4.926	0	4.926	(9.935)
		<u>10.720.128</u>	<u>146.389</u>	<u>10.866.517</u>	<u>5.424.030</u>
Fjárfestingargjöld	8				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	29	(111.713)	0	(111.713)	(87.695)
Önnur fjárfestingargjöld	28	(107.788)	(3.344)	(111.132)	(99.159)
		<u>(219.501)</u>	<u>(3.344)</u>	<u>(222.845)</u>	<u>(186.854)</u>
Rekstrarkostnaður	8				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	29	(167.570)	0	(167.570)	(131.542)
		<u>(167.570)</u>	<u>0</u>	<u>(167.570)</u>	<u>(131.542)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		17.685.552	42.230	17.727.782	11.606.859
Hrein eign frá fyrra ári		96.736.180	1.430.374	98.166.554	86.559.695
Afhent í lok árs við lokun deildar		0	(1.472.604)	(1.472.604)	0
Hrein eign í lok ársins til greiðslu lífeyris		<u>114.421.732</u>	<u>0</u>	<u>114.421.732</u>	<u>98.166.554</u>

Efnahagsreikningur

31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015			31.12.2014
		Samtrygging	Séreign	Samtals	Samtals
Fjárfestingar	9-12				
Húseignir og lóðir	20	109.483	0	109.483	112.170
Verðbréf með breytilegum tekjum	21	41.771.146	0	41.771.146	32.270.878
Verðbréf með föstum tekjum	22	59.004.206	0	59.004.206	53.497.962
Veðlán	23	6.847.589	0	6.847.589	6.819.443
Bankainnistæður		4.172.635	0	4.172.635	2.624.421
Aðrar fjárfestingar	25	63.553	0	63.553	104.400
	26	<u>111.968.612</u>	<u>0</u>	<u>111.968.612</u>	<u>95.429.275</u>
Kröfur	14				
Kröfur á launagreiðendur	27	1.056.347	0	1.056.347	826.184
Aðrar kröfur	27	531.448	0	531.448	583.232
		<u>1.587.796</u>	<u>0</u>	<u>1.587.796</u>	<u>1.409.416</u>
Aðrar eignir					
Rekstrarfjármunir	20	0	0	0	232
Sjóður og veltiinnlán		1.043.617	0	1.043.617	1.708.636
		<u>1.043.617</u>	<u>0</u>	<u>1.043.617</u>	<u>1.708.868</u>
Eignir samtals		<u>114.600.024</u>	<u>0</u>	<u>114.600.024</u>	<u>98.547.558</u>
Aðrar skuldir					
Ýmsar skuldir		178.292	0	178.292	381.004
Skuldir samtals		<u>178.292</u>	<u>0</u>	<u>178.292</u>	<u>381.004</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>114.421.732</u>	<u>0</u>	<u>114.421.732</u>	<u>98.166.554</u>
Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda	30				
Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings	31				
Skuldbindingar utan efnahags	32				
Tryggingafræðileg athugun	33, 35-42				

Sjóðstreymi ársins 2015

Skýr	2015			2014
	Samtrygging	Séreign	Samtals	Samtals
Inngreiðslur				
Iðgjöld	10.172.260	(42.956)	10.129.304	9.392.126
Fjárfestingartekjur	3.380.883	18.120	3.399.002	2.821.798
Afborganir verðbréfa	3.115.675	44.597	3.160.273	2.252.934
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	11.192.166	164.562	11.356.728	8.929.886
Seld verðbréf með föstum tekjum	3.813.655	31.606	3.845.261	1.519.790
Seldar aðrar fjárfestingar	40.847	0	40.847	234.969
Aðrar inngreiðslur	51.769	0	51.769	0
	<u>31.767.255</u>	<u>215.930</u>	<u>31.983.185</u>	<u>25.151.504</u>
Útgreiðslur				
Lífeyrir	(3.051.143)	(57.859)	(3.109.002)	(2.712.362)
Fjárfestingargjöld	(219.501)	(192)	(219.693)	(182.661)
Rekstrarkostnaður	(164.651)	(3.344)	(167.995)	(131.569)
Aðrar útgreiðslur	(195.097)	(4.519)	(199.617)	(207.740)
	<u>(3.630.392)</u>	<u>(65.915)</u>	<u>(3.696.307)</u>	<u>(3.234.331)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>28.136.863</u>	<u>150.015</u>	<u>28.286.878</u>	<u>21.917.173</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting				
Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum	(14.921.880)	(84.761)	(15.006.640)	(11.822.422)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	(11.047.937)	(75.912)	(11.123.848)	(7.188.293)
Kaup á veðlánnum	(325.749)	0	(325.749)	0
Ný veðlán og útlán	(651.630)	0	(651.630)	(534.090)
Lækkun (hækkun) á bankainnistæðum	(1.548.214)	0	(1.548.214)	(1.560.894)
	<u>(28.495.408)</u>	<u>(160.672)</u>	<u>(28.656.080)</u>	<u>(21.105.700)</u>
Lækkun á sjóði og veltiinnlánnum	(358.545)	(10.657)	(369.202)	811.473
Sjóður og veltiinnlán í upphafi ársins	1.402.162	306.474	1.708.636	897.163
Afhent í lok árs við lokun deildar	0	(295.817)	(295.817)	0
	<u>1.043.617</u>	<u>0</u>	<u>1.043.617</u>	<u>1.708.636</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS eða sjóðurinn) var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi annars vegar BHM, BSRB og KÍ fyrir hönd hlutaðeigandi aðildarfélaga og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga landsins. Samningurinn fól einnig í sér kjarasamning milli þessara félaga þar sem samið var um skylduáðild félagsmanna þeirra að LSS.

Aðsetur sjóðsins er að Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 28. apríl 2016.

2. Sjóðfélagar

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess starfsleyfi sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur þrjár samtryggingardeildir (A, V og B) og eina séreignardeild (S) sem var lokað þann 31.12.2015.

A-deild

A-deild (almenn deild) veitir sjóðfélögum föst skilgreind réttindi og er ávinnsla þeirra óháð aldri. Iðgjald til deildarinnar er 16% og greiðir sjóðfélagi 4% og launagreiðandi 12%. Deildin veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Miðað er við að taka ellilífeyris hefjist við 65 ára aldur en getur hafist fyrr, þó eigi fyrr en við 60 ára aldur gegn skerðingu. Sömuleiðis getur sjóðfélagi frestað töku lífeyris og fær þá álag á áunninn réttindi.

V-deild

Ávinnsla réttinda í V-deild (valdeild) er aldurstengd. Deildin er opin þeim sem fá laun eða þóknunir frá sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og þeim sem ekki hafa skylduáðild að öðrum lífeyrissjóð. Iðgjald ræðst af kjara- og ráðningarsamningi. Lágmarksiðgjald er 12% og greiðir sjóðfélagi 4% og launagreiðandi 8%. Mótframlag launagreiðanda starfsmanna aðildarfélaga sjóðsins er 11,5% samkvæmt kjarasamningi. Réttindi sjóðfélaga ráðast af iðgjöldum, ávöxtun þeirra og aldri við innborgun. Deildin veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Miðað er við að taka ellilífeyris hefjist við 65 ára aldur en getur hafist fyrr, þó eigi fyrr en við 60 ára aldur gegn skerðingu. Sömuleiðis getur sjóðfélagi frestað töku lífeyris og fær þá álag á áunninn réttindi.

B-deild

B-deild (bæjarfélagadeild) hefur verið starfrækt frá 1. júlí 2013 með sameiningu fimm lífeyrissjóða, þ.e. Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar (LA), Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (Esh), Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (Lsh), Lífeyrissjóði Neskaupsstaðar (LN) og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (LV). Sjóðum þessum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum þann 1. júlí 1998 með lögum nr. 129/1997 og koma þar af leiðandi engir nýir sjóðfélagar í B-deild. Réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga er óbreytt eftir sameiningu, skuldbindingum hvers launagreiðanda er haldið aðgreindum og sérstök tryggingafræðileg athugun gerð á hverju þessara réttindasafna. Bakábyrgð viðkomandi sveitarfélaga er óbreytt, en eignasöfn sjóðanna voru sameinuð í eitt sameiginlegt eignasafn og gilda sérstök ákvæði í samþykktum um útreikninga á hlutdeild hvers réttindasafns.

Sjóðir þessir veita svokölluð hlutfallsréttindi, þ.e. ávinnsla réttinda miðað við fullt starf í heilt ár nemur 2% af lokalaunum í starfi.

S-deild

S-deild (séreignardeild) tók við frjálsum viðbótarsparnaði og var deildin öllum opin. Fjárhæð iðgjalda var frjáls og myndaði séreign sjóðfélaga ásamt ávöxtun, en að frádregnum rekstrarkostnaði. Inneign erfist við andlát. Almenna reglan er að heimilt er að hefja útborgun við 60 ára aldur. Frá árinu 2009 hefur hins vegar verið heimilt að fá greiddan hluta séreignasparnaðar samkvæmt sérlægum þar um. Arion banki hf. sá um daglegan rekstur deildarinnar. S-deildinni var lokað þann 31.12.2015 og innistæður sjóðfélaga afhentar öðrum umsjónaraðila.

Reikningsskilaaðferðir

3. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjárráðgjafartilvísans nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Reglurnar eiga að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a) liðar er lífeyrissjóðum heimilað að setja ársreikninga vegna reikningsskilaársins 2015 fram í samræmi við reglur nr. 55/2000. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga nýtir sér þá heimild.

Ákvæði úr nýju reglunum sem tóku gildi árið 2015 er að finna í skýringum. Í skýringu 28 má sjá upplýsingar varðandi þóknunir og kostnað vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs, í skýringu 30 eru laun og þóknunir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda sundurliðuð og í skýringu 31 má finna þóknunir til ytri og innri endurskoðenda og tryggingastærðfræðings

4. Skipting samtryggingardeilda

Sjóðurinn rekur þrjár samtryggingardeildir (A, V og B). A- og V-deildum er stýrt eins og um eina deild væri að ræða og hafa sameiginlega fjárfestingarstefnu og eignastýringu. B-deild hefur eitt eignasafn og eina fjárfestingastefnu en haldið er utan um hvert réttindasafn fyrir sig. Við gerð ársreikningsins er réttindasöfnunin skipt í undirdeildir miðað við hreina eign í ársbyrjun, innborguð iðgjöld og greiddan lífeyri á árinu.

5. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

Iðgjöld í séreign eru færð til tekna þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Önnheimt iðgjöld eru færð til eignar án áfallinna vaxta.

7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af arði af hlutabréfum, söluhagnaði og óinnleystum gengismun af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum auk vaxta-tekna af iðgjöldum og innlánnum. Einnig falla undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Hagnaður af sölu fjárfestinga samanstendur af hagnaði af sölu annarra fjárfestinga.

8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins. Skiptingin er áætluð 40% vegna fjárfestingargjalda og 60% vegna rekstrarkostnaðar og er hlutfallið óbreytt frá fyrra ári.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins, þ.m.t. þóknarir verðbréfafyrirtækja vegna umsýslu og stjórnunar fjárfestinga og kostnaði af rekstri fullnustueigna.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði og greinast þannig:

	2015	2014
Fasteign	2%	3%
Tölvubúnaður	25%	25%

10. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Skráð verðbréf eru metin á síðasta viðskiptaverði ársins og óskráð verðbréf eru metin á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði.

11. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum eru skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekið vaxtaviðmið. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi ef það er mat stjórnenda að það sé óvissa um innheimtu þeirra. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

12. Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir, s.s. fasteignir og lóðir, sem sjóðurinn hefur leyst til sín vegna vanskila lántakenda. Aðrar fjárfestingar eru metnar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði, hvort sem lægra reynist. Rekstrarkostnaður og breyting á verðmæti er fært meðal annarra fjárfestingargjalda.

13. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna.

	Mynt	Kaupgengi í árslok	
		31.12.2015	31.12.2014
Bandaríkjadalur	USD	129,28	126,60
Evra	EUR	140,93	153,84
Sterlingspund	GBP	191,59	197,18
Dönsk króna	DKK	18,88	20,66

14. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færð til eignar án áfallinna vaxta.

15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

Sundurliðanir

16. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:	Samtrygging	Séreign	Samtals 2015	Samtals 2014
Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri	682.645	0	682.645	576.942
Samtímagreiðslur (EsH)	18.067	0	18.067	12.088
Framlag ríkis til jöfnunar örorkubyrði	87.941	0	87.941	78.833
Greitt inn á skuldbindingar (LA)	24.000	0	24.000	23.000
	<u>812.653</u>	<u>0</u>	<u>812.653</u>	<u>690.863</u>

17. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:	Samtrygging	Séreign	Samtals 2015	Samtals 2014
Ellilífeyrir	1.920.678	0	1.920.678	1.692.674
Örorkulífeyrir	758.921	0	758.921	654.266
Makalífeyrir	217.997	0	217.997	197.898
Barnalífeyrir	62.291	0	62.291	56.985
Fyrirfram greiddur lífeyrir	0	57.859	57.859	36.384
	<u>2.959.887</u>	<u>57.859</u>	<u>3.017.746</u>	<u>2.638.207</u>

18. Tekjur af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:	Samtrygging	Séreign	Samtals 2015	Samtals 2014
Af innlendum hlutabréfum	2.982.661	11.918	2.994.579	394.731
Af erlendum hlutabréfum	18.977	0	18.977	(72.524)
	<u>3.001.639</u>	<u>11.918</u>	<u>3.013.556</u>	<u>322.207</u>

19. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:	Samtrygging		Séreign		Samtals 31.12.2015
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Af verðbr. m. breytil. tekjur	2.577.576	1.051.252	56.611	3.567	3.689.006
Af verðbr. m. fastar tekjur	3.451.305	0	57.899	0	3.509.204
Af veðlánnum	448.804	0	0	0	448.804
Af bankainnistæðum	205.935	(10.784)	15.123	(67)	210.207
Af kröfum	5.969	0	1.338	0	7.307
	<u>6.689.589</u>	<u>1.040.468</u>	<u>130.971</u>	<u>3.500</u>	<u>7.864.528</u>
Samtals	<u>7.730.057</u>	<u>1.040.468</u>	<u>134.471</u>	<u>3.500</u>	<u>7.864.528</u>

Samanburðarfjárhæðir fyrra árs greinast þannig:	Samtrygging		Séreign		Samtals 31.12.2014
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Af verðbr. m. breytil. tekjur	542.937	1.178.413	15.034	27.439	1.763.823
Af verðbr. m. fastar tekjur	2.564.781	114.244	11.295	3.008	2.693.327
Af veðlánnum	404.145	0	0	0	404.145
Af bankainnistæðum	147.518	0	10.637	285	158.440
Af kröfum	8.914	0	1.238	0	10.153
	<u>3.668.296</u>	<u>1.292.657</u>	<u>38.205</u>	<u>30.731</u>	<u>5.029.888</u>
Samtals	<u>4.960.952</u>	<u>1.292.657</u>	<u>68.936</u>	<u>30.731</u>	<u>5.029.888</u>

20. Húseignir og rekstrarfjármunir

Bókfært verð greinist þannig:	Fasteign til eigin nota	Tölvu- búnaður	Samtals 2015	Samtals 2014
Kaupverð	134.335	2.068	136.403	136.403
Uppsafnaðar afskriftir	(22.165)	(1.836)	(24.001)	(19.644)
Bókfært verð í ársbyrjun	112.170	232	112.402	116.759
Afskrift	(2.687)	(232)	(2.919)	(4.357)
Bókfært verð í árslok	<u>109.483</u>	<u>0</u>	<u>109.483</u>	<u>112.402</u>

Skýringar

Fasteigna- og váttryggingamat greinist þannig:	Fasteignamat		Váttryggingamat	
	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2014
Fasteign til eigin nota	96.050	95.700	191.850	182.700
Tölvubúnaður	0	0	25.294	21.514
	<u>96.050</u>	<u>95.700</u>	<u>217.144</u>	<u>204.214</u>

21. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	Samtrygging		Séreign		Samtals 31.12.2015
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Framtakssjóðir	0	6.632.346	0	0	6.632.346
Hlutabréfasjóðir	5.581.721	8.698.514	0	0	14.280.235
Hlutabréf 1)	12.259.446	269.046	0	0	12.528.492
Skuldabréfasjóðir	3.708.575	0	0	0	3.708.575
Vogunarsjóðir	0	218	0	0	218
Hlutabréfatengd skuldabréf	758.119	0	0	0	758.119
Peningamarkaðssjóðir	4.208.474	0	0	0	4.208.474
Niðurfærsla	(345.312)	0	0	0	(345.312)
	<u>26.171.023</u>	<u>15.600.124</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>41.771.146</u>
Samtals		<u>41.771.146</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>41.771.146</u>

Samanburðarfjárhæðir fyrra árs greinast þannig:	Samtrygging		Séreign		Samtals 31.12.2014
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Framtakssjóðir	51.264	5.775.073	0	0	5.826.337
Hlutabréfasjóðir	4.137.917	6.907.511	132.570	304.561	11.482.559
Hlutabréf 1)	8.480.711	132.642	32.529	18.580	8.664.462
Skuldabréfasjóðir	5.041.435	91.057	39.209	0	5.171.701
Vogunarsjóðir	0	382	0	0	382
Hlutabréfatengd skuldabréf	785.475	0	0	0	785.475
Peningamarkaðssjóðir	710.270	0	0	0	710.270
Niðurfærsla	(370.308)	0	0	0	(370.308)
	<u>18.836.764</u>	<u>12.906.665</u>	<u>204.308</u>	<u>323.141</u>	<u>32.270.878</u>
Samtals		<u>31.743.429</u>	<u>527.449</u>	<u>32.270.878</u>	<u>32.270.878</u>

1) Eignarhlutur í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, nema í eftirfarandi tilvikum:

	Hlutdeild	Markaðsverð	Bókfært verð	
			31.12.2015	31.12.2014
MF1 slhf.	11,10%	Óskráð	2.222	0
Íslensk verðbréf hf	9,99%	Óskráð	126.663	184.592
Innviðir slhf.	9,25%	Óskráð	25.000	0
FAST 1 slhf.	8,14%	Óskráð	378.496	323.592
Alda Credit Fund slhf.	6,60%	Óskráð	104.000	6.485
FOSS fasteignafélag slhf.	5,91%	Óskráð	88.138	88.138
SÍA II GP slhf.	5,21%	Óskráð	213	213
SÍA II slhf.	5,21%	Óskráð	407.852	276.012
Bakkastakkur slhf.	3,68%	Óskráð	98.335	1.943
Akur slhf.	3,51%	Óskráð	108.130	74.876
Horn II slhf.	3,51%	Óskráð	303.786	254.989
SF V slhf.	3,29%	Óskráð	350.190	0
SF VI slhf.	2,98%	Óskráð	147.827	0
Framtakssjóður Íslands slhf.	2,76%	Óskráð	1.014.965	1.021.651
FSÍ GP slhf.	2,76%	Óskráð	200	200
IEI slhf.	2,76%	Óskráð	348.448	353.036
Fasteignafélag Íslands slhf.	2,52%	Óskráð	34.263	0
Váttryggingafélag Íslands hf.	2,08%	Skráð	459.321	465.715
Frumtak 2 slhf.	2,03%	Óskráð	27.234	200
Icelandair Group hf.	2,01%	Skráð	3.551.798	1.769.101
			<u>7.577.082</u>	<u>4.820.743</u>

Skýringar

22. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Samtrygging		Séreign		Samtals 31.12.2015
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Skuldabréf með ríkisábyrgð	36.977.587	0	0	0	36.977.587
Skuldabréf sveitarfélaga	7.587.073	0	0	0	7.587.073
Skuldabréf lánastofnana	5.656.968	0	0	0	5.656.968
Skuldabréf fyrirtækja	10.113.079	0	0	0	10.113.079
Niðurfærsla	(1.330.501)	0	0	0	(1.330.501)
	<u>59.004.206</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>59.004.206</u>
Samtals		<u>59.004.206</u>		<u>0</u>	<u>59.004.206</u>
Áætlað markaðsverð	<u>55.941.525</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>55.941.525</u>
Samtals		<u>55.941.525</u>		<u>0</u>	

Samanburðarfjárhæðir fyrra árs greinast þannig:

	Samtrygging		Séreign		Samtals 31.12.2014
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend	
Skuldabréf með ríkisábyrgð	34.302.070	817.201	522.144	0	35.641.415
Skuldabréf sveitarfélaga	7.221.073	0	1.682	0	7.222.754
Skuldabréf lánastofnana	2.700.682	0	10.964	0	2.711.646
Skuldabréf fyrirtækja	9.291.428	50.505	68.048	0	9.409.981
Niðurfærsla	(1.487.834)	0	0	0	(1.487.834)
	<u>52.027.418</u>	<u>867.706</u>	<u>602.838</u>	<u>0</u>	<u>53.497.962</u>
Samtals		<u>52.895.124</u>		<u>602.838</u>	<u>53.497.962</u>
Áætlað markaðsverð	<u>54.954.040</u>	<u>867.706</u>	<u>602.838</u>	<u>0</u>	<u>56.424.584</u>
Samtals		<u>55.821.746</u>		<u>602.838</u>	

23. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	Samtrygging	Séreign	Samtals	Samtals
			31.12.2015	31.12.2014
Veðlán til sjóðfélaga	5.980.380	0	5.980.380	6.197.928
Veðlán til annarra	922.903	0	922.903	684.710
Varúðarniðurfærsla	(55.695)	0	(55.695)	(63.195)
	<u>6.847.589</u>	<u>0</u>	<u>6.847.589</u>	<u>6.819.443</u>

Öll veðlán eru til innlendra aðila og í íslenskum krónum.

24. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð tiltekinnna óskráðra fjárfestinga hefur verið fært niður með varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	Samtrygging	Séreign	Samtals	Samtals
			2015	2014
Staða í ársbyrjun	1.921.337	0	1.921.337	2.217.890
Endanlega afskrifað á árinu	(184.903)	0	(184.903)	(15.101)
Breyting á niðurfærslu á árinu	(4.926)	0	(4.926)	9.935
Önnur lækkun niðurfærslu	0	0	0	(291.387)
Staða í árslok	<u>1.731.508</u>	<u>0</u>	<u>1.731.508</u>	<u>1.921.337</u>
Niðurfærsla í árslok greinist þannig:				
Skuldabréf fyrirtækja	1.276.806	0	1.276.806	1.487.834
Skuldabréf sveitafélaga	53.695	0	53.695	0
Hlutabréfatengd skuldabréf	345.312	0	345.312	370.308
Veðlán til sjóðfélaga	55.107	0	55.107	59.640
Veðlán til annarra	588	0	588	3.555
Staða í árslok	<u>1.731.508</u>	<u>0</u>	<u>1.731.508</u>	<u>1.921.337</u>

25. Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar samanstanda af fullnustueignum, þ.e. fasteignum, lóðum og landsvæðum sem sjóðurinn hefur leyst til sín til fullnustu á kröfum. Eignirnar eru færðar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok. Rekstrarkostnaður og breyting á verðmæti er færð meðal fjárfestingatekna.

	Samtrygging	Séreign	Samtals 2015	Samtals 2014
Staða í ársbyrjun	104.400	0	104.400	339.369
Innleyst	32.553	0	32.553	54.482
Selt	(60.200)	0	(60.200)	(369.162)
Fært í matsverð	(22.400)	0	(22.400)	(2.159)
Hagnaður (tap) af sölu	9.200	0	9.200	81.870
Staða í árslok	<u>63.553</u>	<u>0</u>	<u>63.553</u>	<u>104.400</u>

26. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

	Mynt	Samtrygging	Séreign	Samtals 2015	Samtals 2014
Íslenskar krónur	ISK	95.151.465	0	95.151.465	81.285.283
Bandaríkjadalur	USD	9.860.810	0	9.860.810	6.990.182
Evra	EUR	6.143.212	0	6.143.212	6.735.455
Stelingspund	GBP	544.249	0	544.249	281.250
Dönsk króna	DKK	268.875	0	268.875	137.105
		<u>111.968.612</u>	<u>0</u>	<u>111.968.612</u>	<u>95.429.275</u>

27. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda. Aðrar kröfur eru vegna fyrirgramgreidds lífeyris, úppgerðra viðskipta og ýmissa annarra krafna.

28. Önnur fjárfestingargjöld

	2015	2014
Þóknanir og kostnaður vegna fjárfestinga greinast þannig:		
Fjársýsluþóknun	86.893	81.167
Vörsluþóknun	24.239	17.991
	<u>111.132</u>	<u>99.159</u>
Kostnaður sem er innifalinn í gengismuni og vaxtatekjum greinist þannig:		
Erlendir framtakssjóðir	151.863	148.898
Erlendir hlutabréfasjóðir	97.878	86.529
Innlendir framtakssjóðir	71.012	45.003
Innlendir verðbréfasjóðir	62.881	45.661
	<u>383.635</u>	<u>326.090</u>
Þóknanir sem hlutfall af eign í verðbréfasjóðum	1,3%	1,3%
<i>Þóknanir og kostnaður samtals</i>	<u>494.767</u>	<u>425.249</u>

29. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2015	2014
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	204.418	174.795
Annar kostnaður	74.865	44.442
	<u>279.283</u>	<u>219.237</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður færð meðal fjárfestingagjalda	111.713	87.695
	<u>167.570</u>	<u>131.542</u>
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	16,5	13,4
Fjöldi starfsmanna í árslok	18	14

Skýringar

30. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda

Laun til stjórnar greinast þannig:	2015	2014
Kristbjörg Stephensen, formaður stjórnar	2.400	1.259
Garðar Hilmarsson	1.440	1.763
Benedikt Þór Valsson	1.200	252
Elin Björg Jónsdóttir	1.200	1.007
Salóme Anna Þórisdóttir	1.200	1.007
Sigurbergur Ármannsson	1.200	252
Sverrir Björn Björnsson	100	0
Halla Margrét Tryggvadóttir	25	252
Birgir Björn Sigurjónsson	25	21
Karl Björnsson	0	755
Gerður Guðjónsdóttir, núverandi framkvæmdastjóri og áður stjórnarmaður	0	504
	<u>8.790</u>	<u>7.072</u>
Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:		
Karl Björnsson, formaður endurskoðunarnefndar	400	40
Elin Björg Jónsdóttir	200	100
Stefán Aðalsteinsson	175	100
Gerður Guðjónsdóttir	0	160
	<u>775</u>	<u>400</u>
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnenda greinast þannig:		
Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og áður stjórnarmaður	17.945	8.026
Jón Guðni Kristjánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri	0	12.476
Sviðsstjóri eignastýringarsviðs	14.017	12.563
Sviðsstjóri réttinda- og lögfræðisviðs	11.734	13.602
Sviðsstjóri fjármálasviðs	14.744	13.298
	<u>58.439</u>	<u>59.964</u>

31. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings

	2015	2014
Ytri endurskoðun:		
Endurskoðun ársreiknings	11.464	8.281
Önnur þjónusta	5.060	4.264
	<u>16.524</u>	<u>12.545</u>
Innri endurskoðun:		
Innri endurskoðun	5.131	3.438
Önnur þjónusta	85	0
	<u>5.216</u>	<u>3.438</u>
Tryggingastærðfræðingur:		
Tryggingafræðileg athugun	6.026	6.032
Önnur þjónusta	2.173	753
	<u>8.200</u>	<u>6.785</u>

32. Önnkallaðar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í innlendum og erlendum framtakssjóðum. Það er óvíst hvenær þessi loforð verða innkölluð og einnig hvort þau verða innkölluð að fullu. Önnkallaðar skuldbindingar greinast þannig:

Innlendir sjóðir:	Mynt	31.12.2015		31.12.2014	
		Í erl. mynt	Í ISK	Í erl. mynt	Í ISK
Akur fjárfestingar slhf.	ISK	0	167.860	0	225.303
Alda Credit Fund slhf.	ISK	0	338.262	0	500.000
Edda fagfjárfestingasjóður	ISK	0	41.881	0	0
Fasteignasjóður VIB	ISK	0	320.155	0	723.707
Fí Fasteignafélag slhf.	ISK	0	75.550	0	131.134
Fjárfest. félag atv. lífsins hf.	ISK	0	969.000	0	500.000
Framtakssjóður Íslands slhf.	ISK	0	0	0	312.301
Frumtak 2 slhf.	ISK	0	76.766	0	100.000
Horn II slhf.	ISK	0	62.110	0	62.223
Innviðir fjárfestingar	ISK	0	475.000	0	0
ÍV millilagsfjármögnun	ISK	0	277.778	0	0
SIA II	ISK	0	32.053	0	104.800
Veðskuldabréfasjóður ÍV	ISK	0	171.002	0	675.000
			<u>3.007.418</u>		<u>3.334.468</u>

Erlendir sjóðir:	Mynt	31.12.2015		31.12.2014	
		Í erl. mynt	Í ISK	Í erl. mynt	Í ISK
Access Capital Partners	EUR	600	84.558	975	149.994
Alþjóða fasteignasjóðurinn	EUR	600	84.558	600	92.304
Alþj. framtakssjóðurinn II	EUR	910	128.246	910	139.994
Blackrock Diversified PE	USD	1.000	129.280	1.300	164.580
Blackrock POF III	USD	300.000	3.878.400	0	0
Cinven IV LP	EUR	0	0	58	8.921
LPE II Astraus	EUR	2.429	342.352	6.251	961.701
Partners Group Asia Pacific	USD	975	126.097	1.688	213.702
Unicap V	EUR	0	0	120	18.461
			<u>4.773.492</u>		<u>1.749.657</u>

33. Framlenging á tímabundinni undanþágu um tryggingafræðilegt jafnvægi

